The product shall be labelled in accordance with the Codex General Standard for the Labelling of Pre-packaged Foods (CODEX STAN 1-1985, Rev. 1-1991).

6.1 Name of the Food

6.1.1 The designation "virgin fat" or "virgin oil" may only be used for individual fats or oils conforming to the definition in Section 2.2 of this Standard.

6.1.2 The designation "cold pressed fat" or "cold pressed oil" may only be used for individual fats or oils conforming to the definition in Section 2.3 of this Standard.

6.2 Labelling of Non-retail Containers

Information on the above labelling requirements shall be given either on the container or in accompanying documents, except that the name of the food, lot identification and the name and address of the manufacturer or packer shall appear on the container.

However, lot identification and the name and address of the manufacturer or packer may be replaced by an identification mark, provided that such a mark is clearly identifiable with the accompanying documents.

7. METHODS OF ANALYSIS AND SAMPLING

7.1 Determination of Lead

According to IUPAC 2.632, AOAC 994.02 or ISO 12193: 1994.

7.2 Determination of Arsenic

According to AOAC 952.13, IUPAC 3.136, AOAC 942.17, or AOAC 985.16.

APPENDIX. OTHER QUALITY AND COMPOSITION FACTORS

This text is intended for voluntary application by commercial partners and not for application by governments.

1. QUALITY CHARACTERISTICS

1.1 Colour:

Characteristic of the designated product.

1.2 Odour and Taste:

Characteristic of the designated product and free from foreign and rancid odour and taste.

	Maximum level
1.3 Matter Volatile at 105°C:	0.2% m/m
1.4 Insoluble Impurities:	0.05 % m/m
1.5 Soap Content:	0.005 % m/m
1.6 Iron (Fe):	
Refined fats and oils	2.5 mg/kg

Virgin fats and oils	5.0 mg/kg
Cold pressed fats and oils	5.0 mg/kg
1.7 Copper (Cu):	
Refined fats and oils	0.1 mg/kg
Virgin fats and oils	0.4 mg/kg
Cold pressed fats and oils	0.4 mg/kg
1.8 Acid Value:	
Refined fats and oils	0.6 mg KOH/g fat or oil
Virgin fats and oils	4.0 mg KOH/g fat or oil
Cold pressed fats and oils	4.0 mg KOH/g fat or oil
1.9 Peroxide Value:	
Virgin oils and cold pressed fats and oils	up to 15 milliequivalents of active oxygen/kg oil
Other fats and oils	up to 10 milliequivalents of active oxygen/kg oil

2. METHODS OF ANALYSIS AND SAMPLING

2.1 Determination of Acid Value (AV)

According to IUPAC 2.201 or ISO 660: 1996.

2.2 Determination of Peroxide Value (PV)

According to IUPAC 2.501 (as amended), AOCS Cd 8b - 90 (97) or ISO 3961: 1998.

2.3 Determination of Matter Volatile at 105°C

According to IUPAC 2.601 or ISO 662: 1998.

2.4 Determination of Insoluble Impurities

According to IUPAC 2.604 or ISO 663: 1999.

2.5 Determination of Soap Content

According to BS 684 Section 2.5.

2.6 Determination of Iron

According to IUPAC 2.631, ISO 8294: 1994 or AOAC 990.05.

2.7 Determination of Copper

According to IUPAC 2.631, ISO 8294: 1994 or AOAC 990.05.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
b.t. Jóns R. Gunnarssonar heilbrigðisfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2019.

Efni: Andmæli vegna fyrirhugaðra stöðvunar á dreifingu vöru.

Til Magna Lögmannna hefur leitað Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. og falið lögmönnum stofunnar að gæta hagsmuna sinna vegna fyrirhugaðra stöðvunar á dreifingu vörunnar Pop-A-Lot Oil Coconut Oil Specially Seasoned for Better Butter Flavor („varan“), sbr. bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur („Heilbrigðiseftirlitið“), dags. 21. október 2019. Umbjóðandi minn óskaði eftir að frestur til andmæla yrði framlengdur til 12. nóvember 2019 og var það samþykkt hinn 31. október 2019. Sama dag fékk umbjóðandi minn afhent gögn málsins frá Heilbrigðiseftirlitinu.

Í stuttu máli byggir umbjóðandi minn aðallega á að varan sé fita/feiti en ekki olía. Af þeim sökum skorti lagagrundvöll til að stöðva dreifingu vörunnar. Verður þetta nú nánar rökstutt.

I.

Í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins, dags. 21. október 2019, eru raktar þær réttarheimildir sem eftirlitið byggir ákvörðun sína á. Í bréfinu er m.a. tekið fram að einungis heimilt að nota litarefnið E 160a í fitu en ekki olíur samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1333/2008. Heilbrigðiseftirlitið byggir á að varan sé í fljótandi formi við stofuhita og sé því olía en ekki fita og þar með sé óheimilt að nota litarefnið E 160a við framleiðslu vörunnar. Umbjóðandi minn er þessu ósammála.

Með hliðsjón af hefðbundnum skilgreiningum telst fita sem er í fljótandi formi við stofuhita vera olía en fita/feiti ef hún er á föstu formi við stofuhita. Í málinu virðist liggja fyrir að varan byrji að umbreytast úr föstu formi í fljótandi í kringum 76 gráður á Fahrenheit eða u.þ.b. 24,44 gráður á Celsíus, sbr. „*product data sheet for item #2041*“.

Að mati umbjóðanda míns eru tvenns konar álitaefni uppi í máli þessu. Annars vegar hvort að 24,44 gráður á Celsíus teljist til stofuhita. Sé svarið við því jákvætt er hins vegar álitaefni hvort fullnægjandi sé til þess að stöðva dreifingu á vöru að vara byrji að umbreytast úr föstu formi í fljótandi form við 24,44 gráður á Celsíus eða hvort varan þurfi að vera að öllu leyti eða meirihluta í fljótandi formi.

Hugtakið stofuhiti er ekki skilgreint í reglugerð nr. 1333/2008 og ekki virðist liggja fyrir fyllilega samræmd skilgreining á hugtakinu í annarri löggjöf á sviðinu. Í eldri reglugerðum á sviði matvælalöggjafarinnar var að finna vísbendingar um viðmið varðandi stofuhita, sbr. t.d. c-lið 19. gr. reglugerðar nr. 503/2005, um merkingu matvæla, sem nú er brottfallin. Stofuhiti var þar skilgreindur með eftirfarandi hætti: „*ekki er skylt að gefa upp geymsluskilyrði fyrir vörur sem geymdar eru við stofuhita (20 °C)*“. Þá má nefna að í íslenskri orðabók er stofuhiti skilgreindur sem „*hiti í stofu, 20 – 24 °C*“.

Umbjóðanda mínum er ókunnugt um viðmið Heilbrigðiseftirlitsins varðandi stofuhita og/eða á hvaða heimildum þær byggja. Með hliðsjón af framangreindu telur umbjóðandi minn að 24,44 gráður á Celsíus sé hærra hitastig en stofuhiti og að leggja verði til grundvallar að varan sé á föstu formi við stofuhita.

Sé ekki fallist á framangreint, telur umbjóðandi minn í öllu falli liggja fyrir að 24,44 gráður á Celsíus sé í efri mörkum stofuhita. Í framangreindu samhengi hefur verulega þýðingu, telji Heilbrigðiseftirlitið að framangreint hitastig falli innan marka, hvort miða skuli við að varan sé að fullu eða meirihluta í fljótandi formi við þetta hitastig, eða hvort nægjanlegt sé að hún sé byrjuð að breyta um form. Með hliðsjón af þeim mun sem almennt er gerður á olíu og fitu telur umbjóðandi minn að miða verði við það hitastig þegar varan er að öllu leyti eða að meirihluta í fljótandi formi við mat á því hvort um sé að ræða olíu eða fitu.

Umbjóðandi minn byggir á að við 24,44 gráður á Celsíus byrji varan að skipta um form en verði ekki að fullu leyti í fljótandi formi fyrr en við hærra hitastig. Nákvæmlega hvar þau mörk liggja er umbjóðanda mínum ókunnugt um en lýsir sig reiðubúinn, í samráði við Heilbrigðiseftirlitið ef þess er óskað, til þess að afla upplýsinga um framangreint.

II.

Að framangreindu vertu telur umbjóðandi minn að lagagrundvöll skorti fyrir ákvörðunin þar sem varan sé í föstu formi við stofuhita. Sé ekki á þetta fallist, telur umbjóðandi minn vera verulegan vafa á um hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til þess að taka hina umdeildu ákvörðunar og að þörf sé á frekari öflun upplýsinga áður en lengra verður haldið.

Ákveði Heilbrigðiseftirlitið að breyta ekki ákvörðun sinni um stöðvun á sölu vörunnar óskar umbjóðandi minn eftir hæfilegum fresti til að finna staðgönguvöru. Beiðni þessi er reist á meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins og viðskiptalegum hagsmunum umbjóðanda míns þar sem stöðvun á sölu vörunnar mun, eðli málsins samkvæmt, hafa þau áhrif að umbjóðandi minn getur ekki selt hana með tilheyrandi fjárhagslegu tjóni. Þá kann stöðvun á sölu vörunnar einnig að hafa þau áhrif að viðskiptavinir umbjóðanda míns leiti til annarra birgja og umbjóðandi minn glati þar með viðskiptum.

Þá er rétt að benda á að stöðvun vörunnar kann að hafa í för með sér að þeir viðskiptavinir sem kaupa vöruna, einkum kvikmyndahús, geti ekki fundið sambærilega staðgönguvöru og verði því einnig fyrir fjárhagslegu tjóni. Að endingu telur umbjóðandi minn liggja fyrir að litarefnið, og þar með varan, sé ekki skaðlegt og því sé ekki aðkallandi að stöðva dreifingu vörunnar með tilliti til hagsmuna neytenda.


Í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins, frá 21. október 2019, er tekið fram að sala vörunnar verði stöðvuð frá og með 22. nóvember 2019. Ákveði Heilbrigðiseftirlitið að breyta ekki ákvörðun sinni um stöðvun á sölu vörunnar óskar umbjóðandi minn eftir að salan verði ekki stöðvuð fyrir en þremur mánuðum eftir að endanleg ákvörðun liggur fyrir í málinu. Framangreind beiðni er sett fram til þess að umbjóðandi minn hafi raunveruleg tækifæri til þess að gæta hagsmuna sinna með forsvaranlegum hætti.

III.

Að framangreindu virtu telur umbjóðandi minn að hin umdeilda vara brjóti ekki í bága við ákvæði reglugerðar nr. 1333/2008 og af þeim sökum sé ekki heimild til að grípa til úrræða á grundvelli laga nr. 93/1995 um matvæli. Er þess því krafist að fallið verði frá fyrirhugaðri stöðvun á dreifingu vörunnar.

Umbjóðandi minn áskilur sér rétt til að koma að frekari andmælum, röksemdum eða gögnum á síðari stigum ef tilefni gefst til. Óski Heilbrigðiseftirlitið eftir frekari upplýsingum/gögnum frá umbjóðanda mínum mun undirritaður veita slíkt eftir bestu getu.

Virðingarfyllst,



Jörgen Már Ágústsson lögmaður

MAGNA



MAGNA lögmennt
b.t. Jörgens Mús Ágústssonar
Höfðabakka 9
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2020
Tilvísun: 2019100130

Efni: Tilkynning um ákvörðun: Stöðvun dreifingar á Pop-A-Lot Popping Oil Coconut Oil Specially Seasoned for Better Butter Flavor.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vísar til bréfs yðar, f.h. Ölgerðar Egils Skallagrímssonar ehf. (Ölgerðin), dags. 19. nóvember 2019, þar sem andmælt er fyrirhugaðri ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um stöðvun dreifingar á **Pop-A-Lot Popping Oil Coconut Oil Specially Seasoned for Better Butter Flavor** poppolíu.

Eins og fram kom í bréfi HER til Ölgerðarinnar, dags. 21. október 2019, er poppolían bragðbætt lituð kókosolía sem m.a. er notuð við framleiðslu á poppkorni, sbr. vörulýsingu fyrir vöruna (e. product data sheet for item #2041).

Poppolían hefur verið lituð með litarefninu beta karótíni (karótín, E 160a) skv. listanum yfir innihaldsefnin en litarefni eru aukefni og um þau gildir reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum, með síðari breytingum. Reglugerðin var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 978/2011. Poppolían fellur undir matvælaflokkinn *fitu og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)*, þ.e. flokkur 02.1, í viðauka II við reglugerðina. Samkvæmt þessum matvælaflokki er einungis leyfilegt að nota litarefnið E 160a *eftir þörfum* í fitu en ekki í olíur. Að mati HER var varan olía og því fyrirhugaði HER að stöðva dreifingu vörunnar, sbr. 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, frá og með 22. nóvember 2019.

Í samræmi við andmæla-reglu stjórnsýslulaga var Ölgerðinni veittur tveggja vikna frestur frá dagsetningu bréfs HER til þess að koma að andmælum áður en ákvörðun yrði tekin um stöðvun dreifingar.

Þann 29. október sl. barst tölvupóstur frá MAGNA lögmonnum fyrir hönd Ölgerðarinnar þar sem óskað var eftir því að fá afhent þau gögn sem vísað var til í bréfi HER ásamt myndum og öðrum gögnum sem máli kynnu að skipta varðandi beitingu andmælaréttar. Þá var jafnframt óskað eftir framlengingu á fresti til að fara yfir gögnin og leggja fram andmæli.

Þann 31. október sl. sendi HER umbeðin gögn og var beiðni um framlengingu á fresti samþykkt.

Þann 11. nóvember sl. bárust andmæli yðar f.h. Ölgerðarinnar í tölvupósti. Andmælin bárust einnig í bréfpósti.

Þann 21. nóvember sl. ákvað HER í ljósi framkominna andmæla að fresta fyrirhugaðri stöðvun á dreifingu vörunnar til 20. mars 2020.

Samdægurs óskaði HER eftir dreifingarlista fyrir vöruna og barst hann í tölvupósti þann 16.



Þann 30. janúar sl. leitaði HER eftir álitu aukefnasérfræðinga dönsku matvælastofnunarinnar (Fødevarestyrelsen) á því hvort leyfilegt væri að nota litarefnið E 160a í poppolfuna. Að mati sérfræðinganna féll varan í matvælaflokk 02.1 og var hún olía miðað við markaðssetningu og form við notkun.

Niðurstaða.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið yfir andmæli umbjóðanda yðar. Að mati HER snýst mál þetta um það hvort varan sem hér um ræðir sé fita/feiti eða olía. Til þess að meta það verður að hafa í huga markaðssetningu vörunnar og hvernig hún er notuð.

Samkvæmt vörulýsingu á poppolían að vera fljótandi við um 24,4°C og herra hitastig en við lægra hitastig á varan að vera á föstu formi.

Þann 15. janúar 2020 fóru heilbrigðisfulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í tvö kvikmyndahús í Reykjavík; annars vegar Háskólabíó og hins vegar Egilshallarbíó. Þessi kvikmyndahús voru á dreifingarlistanum sem sendur var til HER þann 16. desember sl. Kannað var ástand poppolíunnar í geymslum kvikmyndahúsanna og hvernig olían var notuð á stöðunum. Hitastig vörunnar í geymslunum var í báðum tilfellum um 22°- 23°C og var poppolían þá á föstu formi. Til þess að hægt væri að nota hana til þess að framleiða popp í poppvélum kvikmyndahúsanna var hún geymd við herra hitastig þangað til hún varð fljótandi. Á því formi var hægt að dæla olíunni upp úr umbúðunum í poppvélarnar með sérstökum dælubúnaði.

Eins og fram kom hér að ofan er leyfilegt að nota E 160a *eftir þörfum* í fitu en ekki í olíur skv. matvælaflokki 02.1 í viðauka II reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.

Poppolían er markaðssett sem olía, sbr. vöruheiti og vörulýsingu fyrir hana, sjá t.d. liðinn „Product Physical Properties“ í vörulýsingunni en þar er hún skilgreind sem vökvi (e. liquid, >76°F (>24,4°C)).

Til þess að nota poppolíuna við popppframleiðslu í kvikmyndahúsum þarf hún að vera á fljótandi formi og var hún notuð þannig í þeim kvikmyndahúsum sem HER hefur heimsótt. Ekki er hægt að nota vöruna á föstu formi, þ.e. sem fitu/feiti, við popppframleiðsluna miðað við þann tækjabúnað sem notaður er á stöðunum.

Að mati HER verður því að líta á vöruna sem olíu en ekki fitu/feiti og er notkun á litarefninu E 160a því ekki leyfileg í hana.

Poppolían er notuð í fjölmörgum kvikmyndahúsum hér á landi ásamt því að vera notuð af veitingastöðum og framleiðslufyrirtækjum, sbr. dreifingarlista. Stöðvun dreifingar á vörunni mun því hafa veruleg áhrif á a.m.k. sum þessara fyrirtækja.

Í ljósi alls framangreinds hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekið ákvörðun um að stöðva dreifingu Pop-A-Lot Popping Oil Coconut Oil Specially Seasoned for Better Butter Flavor poppolíu, sbr. 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum, með síðari breytingum, og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, og skal varan ekki vera í dreifingu eftir 1. mars 2021. Ætti þessi frestur að gefa umbjóðanda yðar nægilega langan frest til að finna staðgönguvöru.

Athygli er vakin á að heimilt er að kæra ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til sjávarútvegsráðherra samkvæmt heimild í 1. mgr. d-liðar 30. gr. laga um matvæli, sbr. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Um kærufrest vísast til 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, en samkvæmt



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ákvæðinu skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun. Vakin er athygli á að kæra frestar ekki réttaráhrifum.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


REYKJAVÍKUR
Jon P. Gunnarsson
heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent:

Markaðseftirlit Matvælastofnunar.



NÁTTÚRUVÍSINDI OG VERKFRÆÐI → LÍFVÍSINDI: ALMENNT

Fskj. nr. 8


Getið þið sagt mér allt um lípíð?

ÞURÍÐUR ÞORBJARNARDÓTTIR


Ekki er hægt að greina frá öllu um lípíð á þessum vettvangi þar sem slík umfjöllun myndi fylla mörg bókabindi. *Lípíð* eða *fituefni* er stór flokkur efna sem eiga það eitt sameiginlegt að vera vatnsfælin og leysast því ekki upp í vatni. Í þessum efnaflokki er *fita* (feiti og olíur, það er hörð og mjúk fita), *vöx*, *fosfólípíð*, *sterar* og fleira. Hér skal tekið fram að ekki er algilt á íslensku að kalla það sem á ensku heitir 'fats and oils' einu nafni fitu á íslensku og skipta þeim í feiti og olíur (eða harða og mjúka fitu) en verður það gert hér.

Fita er algengust lípíða. Hún er gerð úr tvenns konar sameindum - glýseróli og fitusýrum - enda kölluð *glýseríð* á efnafræðimáli. Glýserólsameind telst til alkóhóla og inniheldur þrjú kolefnisatóm sem fitusýrurnar tengjast. Ef aðeins eitt kolefnisatóm er tengt fitusýru kallast efnið *einglýseríð*. Ef tvö eða öll þrjú kolefnisatómin tengjast fitusýrum er talað um *tví-* eða *þríglýseríð*. Í náttúrunni eru þríglýseríð langalgengust og mætti því með réttu kalla þau hina eiginlegu fitu.

Fitu má skipta í feiti og olíu eftir því í hvernig ástandi hún er við stofuhita þar sem feiti er á föstu formi á meðan olía er fljótandi. Munur á því hvort fitutegund er feiti eða olía er fólgin í þeim fitusýrum sem hún er gerð úr.



Feiti (hörð fita).



Olía (mjúk fita).

Fitusýra er nokkuð flókin sameind. Hún hefur vatnssækinn „haus“ og vatnsfælinn „hala“. Hali fitusýru er nokkuð langur og er meginuppistaða hans kol sem vetni og súrefni tengjast við. Fitusýrur skiptast í þrjár megingerð fjölda vetnisatóma, það er *mettaðar*, *einómettaðar* og *fjölómettaðar*, og fer fjöldi

SPYRJA


Fosfólípíð eru í raun sérstök gerð af tvíglýseríðum. Í hverri sameind eru tvær fitusýrur en tengd við þriðja kolefnisatómið er fosfathópur tengdur annarri sameind.

Fosfólípíð eru mjög mikilvægar sameindir. Þau eru bæði með vatnsfælinn og vatnssækinn hluta. Þetta gerir þeim kleift að raða sér upp í lag og mynda himnur. Dæmi um slíka himnu er þunna skánin sem myndast ofan á mjólk eftir að hún hefur verið soðin og síðan látin kólna. Þá raðast vatnssæknu hlutarnir ofan í mjólkina en þeir vatnsfælnu upp í loftið.

Allar frumuhimnur í lífheiminum eru að meginuppistöðu tvöfalt lag af fosfólípíðum. Á þennan hátt „ráða“ fosfólípíðin hvað fer inn í og út úr frumum. Fosfólípíðin eru því mjög mikilvæg byggingarefni í lífverum. Í þessu tvöfalda lípíðlagi finnast svo aðrar sameindir svo sem prótín.

Sterar eru sérstakur flokkur lípíða og mjög mikilvægur. Þeir hafa allt aðra efnafræðilega byggingu en þau lípíð sem hefur verið fjallað um til þessa. Í stað fitusýra sem tengjast við alkóhól eru sterar með flókna hringbyggingu.

Þekktasti sterinn er *kólesteról*. Mannslíkaminn, nánar til tekið lifrin, myndar um 2 grömm af kólesteróli daglega. Þetta magn er um 85% af heildarmagni kólesteróls í blóði okkar en aðeins 15% koma úr fæðunni.



Kólesteról er dæmi um stera.

Kólesteról er notað sem hráefni í myndun sterahormóna eins og kynhormóna. Einnig eru efni í galli myndað úr kólesteróli, svo og D-vítamín í húðinni þegar sól fellur á kólesteról þar. Kólesterólsameindir finnast líka í fosfólípíðlagi frumuhimna og gefa þeim vissa festu.

Margir aðrir flokkar fituefna eru til en aðeins skal nefna **lípóprótín** (stundum kölluð fitupróteín) til viðbótar við það sem þegar er upp talið. Lípóprótín eru sérstakur flokkur efna gerður úr lípíðum og prótínum. Þau gegna hlutverki burðarefna í líkamanum og flytja meðal annars kólesteról og önnur fituleysanleg efni um líkamann með blóðrásinni.

Lípóprótín skiptast í tvo megin flokka eftir eðlisþyngd eða þéttleiki þeirra. Annars vegar eru *LDL* (e. low density lipoprotein) og hins vegar *HDL* (e. high density lipoprotein). LDL eru oft kölluð vonða kólesterólið þar sem þau tengjast

5/28/2020

Vísindavefurinn: Getið þið sagt mér allt um lípið?

Vísindavefurinn • Dunhaga 5 • 107 Reykjavík • Sími 525-4765 • Tölvupóstur til ritstjórnar

VISIT THE ENGLISH VERSION

SPYRJA

REGLUGERÐ

um merkingu matvæla.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um merkingar matvæla sem dreift er til neytenda og atriði viðvirkjandi kynningu og auglýsingu þeirra. Reglugerð þessi gildir einnig um merkingar matvæla sem dreift er til veitingahúsa, heilbrigðisstofnana, mótuneyta og annarra sambærilegra stóreldhúsa. Reglugerðin gildir ekki um merkingar matvæla sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um einstök matvæli eða matvælaflokka gilda einnig eftir atvikum sérstakar reglugerðir.

2. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um þau matvæli sem boðin eru til sölu, auglýst eða kynnt með öðrum hætti.

3. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. „*Best fyrir*“ og „*Best fyrir lok*“ merkingar gefa til kynna lágmarksgeymsluþol vöru við þau geymsluskilyrði sem við eiga. Varan getur haldið eiginleikum sínum og verið neysluhæf eftir tilgreint lágmarksgeymsluþol. Óheimilt er að dreifa vörunni eftir tilgreint tímabil.
2. *Dreifing* er hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur og sala. Hér er einnig átt við geymslu og annað sem tengist dreifingu.
3. *Forþökkuð vara* er vara sem er sett í umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.
4. *Framleiðslulota* merkir samsafn sölueininga matvæla sem eru framleidd eða er pakkað við nánast sömu skilyrði.
5. *Innihaldsefni* merkir hráefni, aukefni og önnur efni, sem notuð eru við framleiðslu matvæla og finnast í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Ef innihaldsefni matvæla er sjálft afurð úr nokkrum innihaldsefnum skulu þau talin innihaldsefni matvælaanna sem um er að ræða.
6. *Matvæli* eru hvers konar vörur sem ætlaðar eru mönnum til neyslu, þar með talið neysluvatn.
7. *Merking* eru orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákn sem tengjast matvælum og eru sett á umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kruga sem fylgja matvæluþunum eða vísa til þeirra.
8. *Þökkunardagur* er sá dagur þegar vörunni er pakkað í þær umbúðir sem henni er dreift í.
9. *Síðasti neysludagur* merkir lok þess tímabils sem varan heldur gæðum sínum. Óheimilt er að dreifa vörunni eftir dagsetningu síðasta neysludags.
10. *Stóreldhús* eru veitingahús, eldhús heilbrigðisstofnana, mótuneyti og önnur sambærileg starfsemi.

11. Framleiðslulota, sbr. 25. – 26. gr.

Í viðauka 6 við reglugerð þessa er kveðið á um viðbótarupplýsingar sem tilgreina skal í merkingum viðkomandi matvæla.

Upplýsingar um vöruheiti, nettóþyngd, geymsluþol og styrk vínanda, þegar við á, skulu vera á sama sjónsviði.

Þegar um er að ræða margnota glerflöskur óafmáanlega merktar sem hafa engan merki-miða, hring eða kruga eða umbúðir þar sem stærsti flöturinn er minni en 10 cm² að flatarmáli er einungis nauðsynlegt að gefa upp vöruheiti, nettóþyngd og geymsluþol sbr. þó ákvæði 13. gr.

7. gr.

Vöruheiti.

Matvæli skulu bera það vöruheiti sem mælt er fyrir um í þeim reglum sem gilda um viðkomandi vöruheiti. Vanti slíkt heiti er notast við hefðbundið heiti eða lýsingu á vörunni eða notkun hennar, sem er nógu nákvæm til að kaupandinn fái rétta hugmynd um eðli vörunnar, og til að unnt sé að greina hana frá öðrum sambærilegum matvælum sem hún gæti verið tekin í misgripum fyrir.

Vörumerki eða glysheiti má ekki koma í stað vöruheitis.

Á kartöfluumbúðum skal tegundarheiti koma skýrt fram.

Í vöruheiti eða í tengslum við það, skulu koma fram upplýsingar um ástand eða hvaða meðhöndlun matvæli hafa fengið, svo sem möluð, frostþurrkuð, hraðfrost, þykkt, reykt, í öllum þeim tilvikum þar sem skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir kaupandanum. Sé um að ræða matvæli sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun skulu þau bera merkinguna „meðhöndlað með jónandi geislun“, eða „geislað“.

8. gr.

Innihaldslýsing.

Innihaldslýsing skal birt á eftir orðinu „Innihald“ eða „Innihaldslýsing“ og skal hún veita greinargóðar upplýsingar um samsetningu vörunnar. Auk þess að vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar skal innihaldslýsing vera í samræmi við ákvæði 9.-13. gr. svo og viðauka 1, 2, 4 og 6 við þessa reglugerð.

Öll innihaldsefni skal tilgreina eftir minnkandi magni eins og þau eru notuð við framleiðslu vörunnar.

Þrátt fyrir 2. mgr.:

- a) skal tilgreina vatn og rokgjörn efnasambönd, sem notuð eru við framleiðslu, í innihaldslýsingu miðað við þyngd þeirra í lokaafurð. Vatnsinnihald skal þá reiknað með því að draga þyngd annarra innihaldsefna frá heildarþyngd lokaafurðar. Ef vatn reynist undir 5% af nettóþyngd vörunnar er ekki skylt að tilgreina það í innihaldslýsingu,
- b) er heimilt að tilgreina innihaldsefni, sem notuð eru þykkt eða þurrkuð og sem vatni er bætt aftur í við framleiðslu, í röð eftir magni eins og það var fyrir þykkingu eða þurrkun,
- c) er heimilt, fyrir þykktar eða þurrkaðar vörur, sem ætlast er til að verði þynntar eða leystar upp með vatnsíblöndun, að tilgreina innihald samkvæmt hlutföllum í þynntri eða uppleystri vörunni, að því tilskildu að innihaldslýsingunni fylgi athugasemd á borð við „innihald í þynntri/uppleystri vöru“ eða „innihald í vörunni tilbúinni til notkunar“,
- d) er heimilt fyrir ávaxta-, grænmetis- og sveppablöndur, þar sem ekki er umtalsvert meira af einni tegund en annarri miðað við þyngd, að tilgreina innihald þannig að

Eigi að síður:

- a) er heimilt að nota flokksheiti fyrir ákveðin hráefni samkvæmt viðauka 1, Heitunum „sterkja“ og „umbreytt sterkja“ skal þó alltaf fylgja ábending um sérstakan uppruna úr jurtaríkinu séu líkur á því að þær innihaldi glúten, sbr. 13. gr.,
- b) skulu aukefni, sem heyra undir einhvern flokkanna í viðauka 2, merkt með heiti þess flokks og á eftir skal koma sérheiti eða E-númer. Ef aukefnið heyrir undir fleiri en einn flokk skal tilgreina flokkinn sem best lýsir meginhlutverki efnisins í viðkomandi vöru,
- c) skal merkja bragðefni í samræmi við viðauka 2.

12. gr.

Samsett innihaldsefni.

Heimilt er að merkja samsett innihaldsefni undir eigin heiti í innihaldslýsingu, að því tilskildu að jafnframt fylgi með innihaldslýsing efnanna.

Slíka lýsingu þarf þó ekki þegar samsett innihaldsefni eru:

- a) skilgreind samkvæmt sérreglugerðum og eru minna en 2% af lokaafurð. Þessi undantekning gildir ekki um aukefni, sbr. þó ákvæði 10. gr.,
- b) blanda af kryddi og/eða kryddjurtum sem inniheldur engin aukefni og er minna en 2% af lokaafurð,
- c) undanþegin kröfu um innihaldslýsingu samkvæmt öðrum sérreglugerðum.

13. gr.

Ofnæmis- og ópolsvaldar.

Þrátt fyrir ákvæði 9., 11. og 12. gr. skal merkja með skýrum hætti öll innihaldsefni sem eru á lista 1 yfir ofnæmis- og ópolsvalda í viðauka 4 eða eru upprunnin úr þeim ef þau eru notuð í framleiðslu matvæla og eru enn til staðar í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Þetta á þó ekki við ef heiti innihaldsefnis kemur skýrt fram í heiti vörunnar.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skulu öll efni og efnisþættir sem upprunnin eru úr einhverju þeirra innihaldsefna sem fram koma á lista 1 yfir ofnæmis- og ópolsvalda í viðauka 4 teljast innihaldsefni ef þau eru notuð í framleiðslu matvæla og eru til staðar í lokaafurð, jafnvel þó í breyttri mynd sé. Í innihaldslýsingu skal koma skýrt fram úr hvaða ofnæmis- eða ópolsvaldi af lista 1 í viðauka 4 þau eiga uppruna sinn.

Þrátt fyrir f-lið 9. gr. skal tilgreina í innihaldslýsingu efnin sem eru á lista 1 í viðauka 4 í drykkjarvörum með yfir 1,2% vínanda með orðinu „inniheldur“. Þetta á þó ekki við ef heiti innihaldsefnis kemur skýrt fram í heiti vörunnar.

14. gr.

Magnmerkingar.

Ef merking matvæla gefur til kynna magn eða undirstrikar mikilvægi eins eða fleiri innihaldsefna eða ef ákveðin innihaldsefni eru venjulega tengd heiti matvæla eða eru nauðsynleg til að einkenna matvælin og greina þau frá vörum sem þau kunna að vera tekin í misgripum fyrir skal magn þeirra koma fram í tengslum við heiti vörunnar eða í innihaldslýsingu.

Magn innihaldsefna skal gefið upp í prósentum eins og það er notað við framleiðslu vörunnar nema annað sé ákveðið sbr. 8. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um innihaldsefni eða flokka þeirra þegar:

1. Nettóþyngd efnanna er tilgreind samkvæmt ákvæði um vörur í legi sbr. 18. gr.
2. Aðrar sérreglur hafa verið settar um merkingu þeirra eða að sérreglur gera kröfu um að efnið sé í vörunni í tilteknu magni, án þess að sérstök krafa sé gerð um merkingu.

18. gr.

Nettóþyngd vöru í legi.

Þegar matvæli í föstu formi eru boðin til sölu í legi skal auk heildarþyngdar innihalds tilgreina nettóþyngd matvörunnar (þyngd fyrir utan löginn) á umbúðunum. Að því er varðar þetta ákvæði eiga orðin „í legi“ við vörur í eftirfarandi legi, að því tilskildu að lögurinn sé einungis viðbót við meginefnin í tilreiðslunni og því ekki afgerandi þáttur í kaupunum: vatn, saltvatn, þækill, sýrulausn, edik, sykurlausnir, ávaxta- eða grænmetissafar sé um ávexti eða grænmeti að ræða.

19. gr.

Geymsluskilyrði.

Geymsluskilyrði skulu merkt á eftirfarandi hátt:

- a) kælivörur skal geyma við +4°C eða kaldara og merkja sem „KÆLIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera 0-4°C (t.d. „KÆLIVARA, 0-4°C“),
- b) frystivörur á að geyma við -18°C eða kaldara og merkja „FRYSTIVARA“. Ef hitastig er tilgreint skal það vera -18°C (t.d. „FRYSTIVARA, -18°C“),
- c) ekki er skylt að gefa upp geymsluskilyrði fyrir vörur sem geymdar eru við stofuhita (20°C).

20. gr.

Geymsluþol.

Matvæli, að undanskildum þeim sem talin eru upp í 22. gr., skal merkja með „best fyrir“ eða „best fyrir lok“. Kælivörur sem hafa fimm daga geymsluþol eða skemmra skal þó merkja með „síðasti neysludagur“. Allar kælivörur sem hafa þriggja mánaða geymsluþol eða skemmra, skal jafnframt merkja með „þökkunardagur“. Orðunum skal fylgja annaðhvort sjálf dagsetningin eða tilvísun í það hvar dagsetningin kemur fram.

Dagsetning skal tilgreind sem dagur, mánuður og ár, en eftirfarandi frávik eru heimil:

- a) fyrir matvæli sem geymast þrjú mánuði eða skemur nægir að tilgreina dag og mánuð,
- b) fyrir matvæli sem geymast í 18 mánuði eða skemur, þó lengur en 3 mánuði, nægir að tilgreina mánuð og ár,
- c) fyrir matvæli sem geymast lengur en 18 mánuði nægir að tilgreina ár.

Óheimilt er að gera breytingu á merkingu geymsluskilyrða og geymsluþols á umbúðum matvæla.

Óheimilt er að dreifa matvælum eftir dagsetningu „síðasta neysludags“ eða tímabil „best fyrir“ merkingar.

21. gr.

Ákvörðun geymsluþols.

Framleiðandi vöru skal ákvarða og bera ábyrgð á geymsluþolsmerkingu hennar. Við ákvörðun geymsluþols skal tekið tillit til eðlis vörunnar, flutnings-, dreifingar- og geymsluskilyrða. Leiði athuganir í ljós að gæði vörunnar eru ekki í samræmi við merkt geymsluþol, getur viðkomandi heilbrigðisnefnd ákvarðað það geymsluþol sem skal gilda fyrir vöruna. Skulu slíkar ákvarðanir tilkynntar Umhverfisstofnun. Ef ekki er bætt úr, getur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd stöðvað vinnslu og sölu á vörunni.

Umhverfisstofnun er heimilt að gefa út reglur um geymsluþol fyrir ákveðnar tegundir eða flokka matvæla. Skulu slíkar reglur birtar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Ef verulega breyttar forsendur hafa áhrif á geymsluþol vegna meðhöndlunar vörunnar, t.d. opnun umbúða, getur stofnunin gert kröfu um að þess sé getið á umbúðum.

26. gr.

Undantekningar frá framleiðslulotu.

Ekki er skylda að merkja með framleiðslulotu þær landbúnaðarafurðir sem eru fluttar af bújörðinni, dreift til geymslu-, tilreiðslu- eða pökkunarstöðva, fluttar til framleiðslusamtaka eða sóttar til að koma þeim samstundis í tilreiðslu eða vinnslu.

Ís í stökum einingum, þar sem lotumerking kemur fram á ytri umbúðum, er undanskilinn kröfum um lotumerkingu.

Þegar dagsetning um lágmarksgeymsluþol, „best fyrir“ eða „síðasti neysludagur“, kemur fram er ekki nauðsynlegt að merkja framleiðslulotu, sbr. 25. gr., að því tilskildu að þessi dagsetning komi skýrt fram með því að tiltaka að minnsta kosti mánaðardag og mánuð í rétttri röð (d.m.).

27. gr.

Merkingar matvæla til stóreldhúsa.

Þær merkingar sem krafa er gerð um í 6. gr. og 3. mgr. 1. gr. skulu koma fram á umbúðum matvæla eða viðföstum merkimiða. Merkingar þessar geta þó í eftirfarandi tilvikum komið fram í viðskiptaskjölum sem fylgja þeim matvælum sem þau vísa til eða eru send á undan eða samtímis vörusendingunni:

- a) þegar matvæli í neytendaumbúðum eru markaðssett á fyrri stigum, áður en kemur til dreifingar til smásölu;
- b) þegar matvæli í umbúðum eru ætluð til að birgja upp stóreldhús vegna tilreiðslu, frekari vinnslu eða smásölu.

Í þessum tilvikum skulu þær merkingar sem gerð er krafa um í 1., 5. og 6. tl. 6. gr. jafnframt koma fram á ytri umbúðum sem vörunni er dreift í.

28. gr.

Lausasala.

Þegar vöru er dreift án umbúða, eða pakkað á sölustað eða sett í umbúðir til beinnar sölu til neytenda, skal seljandi vörunnar geta veitt kaupanda upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 6. gr. þessarar reglugerðar, sbr. einnig ákvæði 27. gr.

Þegar kartöflur eru seldar í lausri vigt skal merkja með áberandi hætti hvaða tegund er um að ræða.

29. gr.

Rofnar umbúðir.

Ekki er heimilt að rjúfa neytendaumbúðir og selja vöru óinnpakkaða. Þetta á þó ekki við hafi framleiðandi, dreifandi eða pökkunaraðili heimilað seljanda að rjúfa umbúðir. Þegar slíkt er gert er það á ábyrgð viðkomandi framleiðanda, dreifanda eða pökkunaraðila, að óinnpökkuð vara haldi sínum eiginleikum og sé af sömu gæðum og sú vara sem seld er í neytendaumbúðum.

30. gr.

Eftirlit og rannsóknir.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

Umhverfisstofnun skal annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits varðandi samsetningu matvæla með tilliti til merkingar, auglýsingar og kynningar þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Vegna þeirra vara sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði 12. og 13. gr. er veittur frestur til 1. janúar 2006 til að uppfylla þau. Þetta gildir þó ekki um eftirfarandi innihaldsefni og afurðir úr þeim, sem geta valdið ofnæmi eða óþoli, ef þau finnast í vörunni: Mjólk, fisk, egg, sojabaunir, skeldýr, jarðhnetur, möndlur, hnetur, hafra, bygg, rúg og hveiti. Frestur til að merkja ofnæmis- og óþolsvalda í lista 2, viðauka 4 er til 25. nóvember 2007.

Veittur er 12 mánaða frestur til að uppfylla ákvæði um viðbótarupplýsingar á vörum sem innihalda lakkrís skv. 2. mgr. 6. gr. og viðauka 6. Vörur sem ekki uppfylla ákvæði reglugerðarinnar en eru merktar fyrir 20. maí 2006 má selja á meðan birgðir endast.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigrún Ágústsdóttir.

VIÐAUKI 1

Flokksheiti innihaldsefna.

Heimilt er að tilgreina eftirfarandi innihaldsefni með flokksheiti í stað sérheita:

<i>Hráefni</i>	<i>Flokksheiti</i>
Allar fisktegundir, þar sem fiskurinn er hluti af innihaldi í öðrum matvælum, að því tilskildu að hvorki vöruheiti né merking matvælnanna gefi til kynna sérstaka fisktegund.	Fiskur.
Hreinsuð fita.	„Fita“, ásamt annaðhvort orðinu „dýra-“ eða „jurta-“, eftir því sem við á, eða upplýsingum um nákvæman uppruna þeirra í dýra- eða jurtaríkinu. Skyllt er að nota lýsingarorðið „hert“ til að auðkenna herta fitu ef uppruni hennar í dýra- eða jurtaríkinu er tilgreindur.
Glúkósasýróp eða afvatnað glúkósasýróp.	Glúkósasýróp.
Blanda af grænmeti sem vegur ekki meira en 10% af þyngd matvæla.	Grænmeti.
Allar tegundir af gúmmí sem notað er við framleiðslu á tyggigúmmí.	Gúmmíefni.
Pressað, skrufupressað eða hreinsað kakósmjör.	Kakósmjör.

<i>Hráefni</i>	<i>Flokkshæiti</i>
Allar tegundir af ostum, þar sem ostur eða blanda af ostum er innihald í öðrum matvælum, að því tilskildu að hvorki vöruheiti né merking matvællanna gefi til kynna sérstaka tegund af osti.	Ostur.
Sterkjur og umbreyttar sterkjur sem umbreyttar hafa verið með eðlisfræðilegum aðferðum eða lífhvötum.	„Sterkja“, ásamt tegundarheiti jurtar sem hún er unnin úr ef sterkjan inniheldur glúten.
Allir sykraðir ávextir sem vega ekki meira en 10% af þyngd matvæla.	Sykraðir ávextir.
Allar tegundir súkrósa.	Sykur.
Allar tegundir vína sem skilgreind eru í reglugerð Evrópusambandsins nr. 1493/1999 um samhæft markaðsskipulag á víni.	Vín.
Afvatnaður dextrósi og vetnisdextrósi.	Prúgusykur.

VIÐAUKI 2

Flokkshæiti aukefna og merking á bragðefnum.

Flokkshæiti aukefna:

Skylt er að tilgreina aukefni með heiti flokksins sem þau heyra undir auk sérheitis þeirra eða númeri. Flokkshæiti aukefna eru:

- Bindiefni (stabilizer)
- Bragðaukandi efni (flavour enhancer)
- Bræðslusölt (emulsifying salts)⁴
- Drifefni (gas) (propellent gas)
- Festuefni (firming agent)
- Froðueyðar (antifoaming agent)
- Hleypiefni (gelling agent)
- Húðunarefni (glazing agent)
- Kekkjavarnarefni (anticaking agent)
- Litarefni (color)
- Loftskiptar (packaging gas)⁵
- Lyftiefni (raising agent)

⁴ Á einungis við um brædda osta og vörur úr bræddum osti.

⁵ Ekki er skylt að tilgreina flokkshæitið, en þegar loftskiptar eru notaðir til að hafa áhrif á geymsluþol, skal merkingin „Loftskiptar umbúðir“ eða „Pakkað í loftskiptar umbúðir“ koma fram á umbúðum.

VIÐAUKI 4
Ofnæmis- og óþolsvaldar.

Listi 1

Ofnæmis- og óþolsvaldar sem merkja skal með skýrum hætti skv. 13. gr.:

1. Egg og afurðir úr þeim.
2. Fiskur og fiskafurðir.
3. Hnetur, þ.e.
 - a. möndlur (*Amygdalus communis* L.),
 - b. heslihnetur (*Corylus avellana*),
 - c. valhnetur (*Juglans regia*),
 - d. kasjú hnetur (*Anacardium occidentale*),
 - e. pekanhnetur (*Carya illinoensis* (Wangenh.) K. Koch),
 - f. parahnetur (Brasilíuhnetur) (*Bertholletia excelsa*),
 - g. pistasíur (hjartaaldin) (*Pistacia vera*),
 - h. macadamiahnetur (*Macadamia ternifolia*) og afurðir þeirra.
4. Jarðhnetur og afurðir úr þeim.
5. Korn sem inniheldur glúten (þ.e. hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, kamut eða afbrigði þessarar tegunda) og kornafurðir.
6. Krabbadýr og afurðir úr þeim.
7. Mjólk og mjólkurafurðir (laktósi meðtalinn).
8. Sellerí og afurðir úr því.
9. Sesamfræ og afurðir úr því.
10. Sinnep og afurðir úr því.
11. Sojabauur og afurðir úr þeim.
12. Súlphúr díoxíð og súlfíð í meira magni en 10 mg/kg eða 10 mg/l, gefið upp sem SO₂.

Listi 2

Efni sem merkja skal skv. ákvæðum 13. gr. frá og með 25. nóvember 2007:

Innihaldsefni	Innihaldsefni sem skylt er að merkja frá og með 25. nóvember 2007
Korn sem inniheldur glúten	<ul style="list-style-type: none"> • Glúkósasíróp, þ.m.t. dextrósi⁷ úr hveiti, • Maltdestrín úr hveiti⁷, • Glúkósasíróp úr byggi, • Korn notað í gerjunarvökva til að eima vínanda úr.
Egg	<ul style="list-style-type: none"> • Lýsósím (úr egg) notað í léttvín, • Albúmín (úr egg) notað sem felliefni í léttvín og sítra.

⁷ Ásamt afurðum úr því, að því tilskildu að framleiðsluferli auki ekki á ofnæmisvirkni eins og hún hefur verið metin af Matvælaöryggisstofnun Evrópu fyrir þær vörur sem afurðirnar koma úr.

VIÐAUKI 6
Matvæli sem skulu merkt með viðbótarupplýsingum.

<i>Gerð eða flokkur matvæla</i>	<i>Merking</i>
Matvæli sem hefur verið pakkað með lofttegundum, sem heimilar eru skv. reglugerð um aukefni í matvælum, nr. 285/2002, með síðari breytingum, til að auka geymsluþol þeirra.	„Pakkað í loftskiptar umbúðir“ eða „Loftskiptar umbúðir“
Matvæli sem innihalda sætuefni, eitt eða fleiri eins og heimilt er samkvæmt reglugerð um aukefni, nr. 285/2002, með síðari breytingum.	„með sætuefni eða -efnum“. Þessar upplýsingar skulu fylgja vöruheitinu eins og kveðið er á um í 7. gr. þessarar reglugerðar.
Matvæli sem innihalda sætuefnið aspartam.	„Inniheldur fenýlalanín“.
Matvæli með meira en 10% af viðbættum sykuralkóhólum.	„Mikil neysla getur haft hægðalosandi áhrif“
Sælgæti eða drykkir sem innihalda glýcýrrhizínicsýru eða ammóníumsalt hennar, þar sem efninu eða lakkrísplöntunni <i>Glycyrrhiza glabra</i> hefur verið bætt í vöruna í magninu 100 mg/kg eða 10 mg/l eða meira.	„inniheldur lakkrís“ skal koma fram strax á eftir innihaldslýsingu, nema að orðið lakkrís komi fram í innihaldslýsingu eða heiti vörunnar. Þegar innihaldslýsing er óþörf skulu upplýsingarnar koma fram nálægt vöruheiti.
Sælgæti sem inniheldur glycyrrhizínicsýru eða ammóníumsalt hennar, þar sem efninu eða lakkrísplöntunni <i>Glycyrrhiza glabra</i> hefur verið bætt í magninu 4 g/kg eða yfir.	„inniheldur lakkrís – fólk með háþrýsting ætti að forðast óhóflega neyslu“ skal koma fram á eftir innihaldslýsingu. Þegar innihaldslýsing er óþörf skulu upplýsingarnar koma fram nálægt vöruheiti.
Drykkir sem innihalda glycyrrhizínicsýru eða ammóníumsalt hennar þar sem efninu eða lakkrísplöntunni <i>Glycyrrhiza glabra</i> hefur verið bætt í magninu 50 mg/l eða yfir eða í 300 mg/l eða yfir í drykkjum sem innihalda meira en 1,2% alkóhól.	„inniheldur lakkrís – fólk með háan blóðþrýsting skal forðast óhóflega neyslu“ skal koma fram á eftir innihaldslýsingu. Þegar innihaldslýsing er óþörf skulu upplýsingarnar koma fram nálægt heiti vörunnar.

ÍSLENSK ORÐABÓK

Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt

M-Ö

Ritstjóri:


Mörður Ámason

Ritstjórn og helstu samverkamenn:

Halldóra Jónsdóttir, Laufey Leifsdóttir,
Þórdís Úlfarsdóttir, Aðalsteinn Davíðsson,
Kristín Bjarnadóttir (Orðabók Háskólans)

Ritstjóri fyrstu og annarrar útgáfu:

Árni Böðvarsson

 E d d a

Fski. nr. 10

